

**Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 3/94  
frá 8. febrúar 1994  
um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn,  
um framkvæmd samkeppnisreglna  
sem gilda um fyrirtæki**

94/EES/1/03

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

*með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,*

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

*Skráin í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn sýnir réttarstöðuna almennt í bandalaginu á þessu sviði. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87, sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti, var breytt með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992<sup>1</sup> og því þarf að setja hana á skrána.*

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

**1. gr.**

Í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við samninginn bætist eftirfarandi við 13.lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87) á eftir undirliðnum með tilvísun til reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1284/91:

„- 392 R 2410: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992<sup>(1)</sup>.”

**2. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1994, að því tilskildu að tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 8. febrúar 1994

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður  
N. G. van der Pas

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar  
P. K. Mannes M. Sucker

(<sup>1</sup>) Stjttfð. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 18.